



Fundargerð – 524. stjórnarfundur Kölku

Fundur í stjórn Kölku sorpeyðingarstöðvar sf. var haldinn þriðjudaginn 13. apríl 2021, kl. 16:30. Fundurinn var haldinn í Kölku og með fjarfundarsniði.

Mættir: Önnundur Jónasson sem stýrði fundi, Ásrún Kristinsdóttir, Inga Rut Hlökkversdóttir, Laufey Erlendsdóttir, Páll Orri Pálsson sem ritaði fundargerð og Steinþór Þórðarson.

Dagskrá:

1. Skýrsla framkvæmdastjóra.
2. Samþykkt ársreiknings og boðun aðalfundar.
3. Yfirvofandi breytingar á sorphirðu frá heimilum.
4. Önnur mál.

1. Skýrsla framkvæmdastjóra:

1. Öryggismál:
 - a. Kölku hefur borist krafa frá lögmannsstofu vegna slyss sem starfsmaður varð fyrir árið 2018. Lögmenn VÍS annast málið fyrir hönd Kölku.
 - b. Úttekt á brunavörnum (Eldvarnareftirliti Suðurnesja) fór fram í síðustu viku.
 - c. Úttekt á neyðarlýsingu á vinnusvæðinu með Bergraf var gerð í byrjun apríl.
 - d. Unnið að samsetningu öryggis-, umhverfis- og umbótapakka fyrir starfsmannafund sem er áætlaður 24. apríl. Þar verður m.a. fjallað um gildi, stefnu og umhverfismarkmið Kölku.
2. Byrjað er að setja upp staðlaðar sorpflokkunarmerkingar á plönnum í Helguvík, Grindavík og Vogum.
3. Framkvæmdastjóri fór yfir stöðu starfsmannamála.
 - a. Nýr starfsmaður hóf störf 6. apríl og fyllti skarð fráfarandi starfsmanns.
 - b. Auglýst hefur verið starf undir formerkjum átaks Vinnumálastofnunar. Um er að ræða tímabundið starf til sex mánaða með áherslu á umhverfismarkmið Kölku.
4. Tilvonandi breytingar á móttökusvæði Kölku við Berghólabraut
 - a. Breytingar á móttökuplani eru fyrirhugaðar eru í sumar.
 - b. Framkvæmdastjóra falið að fylgja eftir erindi sem sent var á umhverfissvið sveitarfélaganna á Suðurnesjum er varðar urðun á óvirkum úrgangi.

2. Samþykkt ársreiknings og boðun aðalfundar.

Ársreikningur var lagður fram til kynningar og fjallað sérstaklega um skýrslu stjórnar.

3. Yfirvofandi breytingar á sorphirðu frá heimilum:

Framkvæmdastjóri fór yfir þau ákvæði í frumvarpi til nýrra laga um hollustuhætti og mengunarvarnir sem varða auknar kröfur um sérsöfnun á úrgangi frá heimilum.

4. Önnur mál: Engin önnur mál.

Fleira var ekki tekið fyrir á fundinum og honum slitið kl. 18:30.
Næsti fundur er áætlaður þriðjudaginn 11. maí 2021.

Fundargerð samþykkt með undirskriftum og tölvupósti.

Önundur Jónasson

Ásrún Kristinsdóttir

Laufey Erlendsdóttir

Páll Orri Pálsson

Inga Rut Hlöðversdóttir

Steinþór Þórðarson